



Gunnar Guðjónsson

Fæddur 11. október 1934

Dáinn 20. febrúar 2023



*Útför frá Akraneskirkerju
fimmtudaginn 2. mars 2023*

Forspil

Blíðasti blær

Óðinn G. Þórarinnsson - Magnús Stefánsson, Þórólfur Friðgeirsson

Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.

Hljóma skal harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.

Hljómi svo harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Adams - Matthías Jochumsson

Ritningarorð

Undir háu hamra belti
höfði drúpir lítill rós.
Þráir lífsins vængja víddir
vorsins yl og sólarljós.

Ég held ég skynji hug þinn allan
hjartasláttinn rósin mín.
Er kristallstærir daggardropar
drjúpa milt á blöðin þín.

Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað,
krjúpa niður kyssa blómið
hversu dýrðlegt fannst mér það.

Finna hjá þér ást og unað
yndislega rósin mín.
Eitt er það sem aldrei gleymist,
aldrei það er minning þín.

*Friðrik Jónsson -
Guðmundur Halldórsson*

Guðspjall

Söngur

Bíddu pabbi

Geoff Stephens, Peter Callander – Þúnn Steinsdóttir

Minningarorð

Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.
Engið, fjöllin, áin þín,
yndislega sveitin mín,
heilla mig og heim til sín
huga minn úr fjarlægð draga.
Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.

Yndislega ættarjörð,
ástarkveðju heyr þú mína,
þakkarklökkva kveðjugjörð,
kveð ég líf þitt, móðir jörð.
Móðir bæði mild og hörð,
mig þú tak í arma þína.
Yndislega ættarjörð,
ástarkveðju heyr þú mína.

Faðir lífsins, faðir minn,
fel ég þér minn anda' í hendur.
foldin geymi fjötur sinn.
Faðir lífsins, Drottinn minn,
hjálpi mér í himin þinn
heilagur máttur, veikum sendur.
Faðir lífsins, faðir minn,
fel ég þér minn anda' í hendur.

Bjarni Þorsteinsson -

Sigurður Jónsson

Bæn / Faðir vor

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunn þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

Amerískt þjóðlag -

Pétur Þórarinsson

Moldun

Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina	Ég lifi' í Jesú nafni,
upp vex á sléttri grund	í Jesú nafni' eg dey,
fagurt með frjóvgun hreina	þó heilsa' og líf mér hafni,
fyrst um dags morgunstund,	hræðist ég dauðann ei.
á snöggu augabragði	Dauði, ég óttast eigi
af skorið verður fljótt,	afl þitt né valdið gilt,
lit og blöð niður lagði -	í Kristí krafti' eg segi:
líf mannlegt endar skjótt.	Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Ísland er land þitt

Magnús Þór Sigmundsson - Margrét Jónsdóttir

Prestur: sr. Ólöf Margrét Snorradóttir
Orgel og harmonika: Friðrik Vignir Stefánsson
Söngur: Tindatrío - Atli Guðlaugsson,
Guðlaugur Atlason, Hlöðver Sigurðsson
Útfararþjónusta Akraneskirku

Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness

Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í Safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni